



Aðalfundur Golfklúbbs Dalbúa 2019

haldinn 5. desember 2019.

Fundargerð

Fundur var settur kl. 19:30

Mætt: *Anna Svandís Helgadóttir, Anthony Karl Flores, Bryndís Scheving, Ásbjörn Sveinbjörnsson, Birgir Ari Hilmarsson, Eiríkur Þorláksson, Eyjólfur Óli Jónsson, Gísli B. Ívarsson, Haraldur Ólafsson, Heiðrún Hauksdóttir, Helgi Einarsson, Ragnar Þórisson, Snæbjörn Stefánsson og Sæmundur Árnason.*

Bryndís Scheving formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna.
Gengið til dagskrár skv. 16. grein laga félagsins.

Formaður stakk upp á Sæmundi Árnasyni sem fundarstjóra. Samþykkt samhljóða.
Formaður stakk upp á Eiríki Þorlákssyni sem fundarritara. Samþykkt samhljóða.

1. Skýrsla stjórnar um störf og framkvæmdir á liðnu starfsári:

Bryndís Scheving formaður kynnti skýrslu stjórnar, sem lögð var fram á fundinum (sjá meðfylgjandi ársskýrslu sem lögð hefur verið á netsíðu Dalbúa).

Í skýrslunni er m.a. að finna inngang formanns og yfirlit yfir starfsemina á árinu, en jafnframt fylgja með henni skýrslur nefnda, þ.e. mótanefndar og vallarnefndar, þar sem þær nefndir gera sérstaka grein fyrir þeim annars vegar mótahaldi sumarsins og hins vegar vinnu við völlinn.

Nýliðið rekstrarár var afar gott að flestu leyti; veðrið lék við kylfinga í Miðdal sem og annars staðar, umhirða vallarins var til fyrirmyndar og völlurinn í besta ástandi sem hann hefur verið um árabíl. Ásókn á völlinn nær tvöfaldaðist frá árinu á undan; þá skráðu 1.500 kylfingar sig til leiks í gestabók, en í ár skráðu 2.700 manns sig í gestabók, sem segir nokkuð til um fjölgun gesta. Einnig varð eftirtektarverð fjölgun erlendra gesta á vellinum. Loks kom fram í notendakönnun að mikil ánægja var með alla þætti á vellinum, og er það umtalsverð breyting frá samsvarandi könnun frá árinu á undan.

Líkt og árið á undan stóð klúbburinn sjálfur fyrir allri starfsemi í Miðdal. Gerðir voru samningar við verktaka um slátt og aðra umsjón með vellinum, en formaður annaðist rekstur golfskálans. Var forstofan í klúbbhúsinu alltaf opin utan þess tíma sem opið var í kaffistofu, þannig að gestir gátu skráð sig, greitt vallargjöld og notað snyrtingu. Var almenn ánægja með þetta fyrirkomulag hjá félagsmönnum.

Í kjölfar umræðu á síðasta aðalfundi var unnið að því endurnýja sláttúvél fyrir kargaslátt, og var slík vél keypt frá Englandi. Vélin kom til landsins í byrjun maí og kom að góðum notum í sumar, þar sem sláttur var nú mun meiri en á síðasta ári. Tekið var lán til að fjármagna vélakaupin, og er gerð grein fyrir því í ársreikningi.

Haldið var upp á 30 ára afmæli Dalbúa með veglegu afmælistóti og síðan afmælisveislu, þar sem m.a. voru veittar ýmsar viðurkenningar til félaga fyrir vel unnin störf. Í tilefni afmælisins var einnig bryddað upp á nýjungum í gerð vinninga, ný skorkort voru prentuð, teiga- og fjarlægðarmerki endurnýjuð, æfingasvæði endurbætt og loks var unnið að stækkun á 9. flöt vallarins, sem stefnt er að verði tekin í notkun sumarið 2020. Þá var haldið sérstakt golfnámskeið fyrir börn, og er stefnt að því að gera slíkt að nýju á næsta ári í samvinnu við grunnskólann í Bláskógabyggð.



Loks ber að nefna að félögum í golfklúbbnum Dalbúa fjölgaði verulega á árinu, en í lok þess voru 108 félagsmenn skráðir í klúbbinn, miðað við 73 í lok síðasta starfsárs. Þessa fjölgun má að einhverju leyti til ákvörðunar stjórnar um að bjóða fyrrverandi félögum að ganga í klúbbinn á ný á góðum kjörum í tilefni afmælisársins, en einnig er ljóst að almennt frábært golfsumar og gott ástand vallarins hefur átt sinn þátt í að fjölga félagsmönnum.

2. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins:

Eiríkur Þorláksson gjaldkeri fór yfir ársreikninginn, sem var lagður fram á fundinum (sjá ársreikning 1.11.2018–31.10.2019 sem hluta af ársskýrslu).

Rekstrartekjur ársins voru nær 7,5 m.kr., og rekstrargjöld rúmlega 5,8 m.kr., og afgangur frá rekstri fyrir afskriftir var nær 1,7 m.kr.; að teknu tilliti til afskrifta er niðurstaða rekstrar jákvæð um tæplega 350 þús.kr. Eigið fé í árslok er um 15,9 m.kr. en skuldir rúmlega 2,5 m.kr., og munar þar mest um skuld vegna vélakaupanna á árinu; stefnt er að því að greiða þá skuld upp á næstu tveimur árum, þar af rúmlega 1 m.kr. á næsta ári. Klúbburinn á inneign á bankareikning og hefur því svigrúm til greiðslu fastra reikninga fram að vori, sem og til að láta sinna nauðsynlegu viðhaldi og viðgerðum véla fyrir næsta rekstrarsumar.

3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning og hann borinn upp til samþykktar:

Í umræðum fundarmanna kom fram mikil ánægja með ástand vallarins í Miðdal í sumar, og þá auknu aðsókn sem varð skv. skýslu formanns. Þá var fjölgun félagsmanna einnig fagnað, og var mál manna að klúbburinn ætti að stefna að enn frekari fjölgun á næstu árum til að treysta grundvöll starfseminnar enn betur.

Fundarmenn lýstu ánægju með glæsilega ársskýrslu og ársreikninginn í heild sinni, og töldu ánægjulegt að sjá að vel væri farið með fjármuni félagsins.

Skýrsla stjórnar var samþykkt samhljóða.

Ársreikningur félagsins fyrir 2019 var samþykktur samhljóða.

4. Afgreiðsla tillagna til lagabreytinga:

Engar tillögur til lagabreytinga voru lagðar fram af hálfu stjórnar, og engar slíkar tillögur bárust á fundinum, og því varð engin umræða um þennan lið.

5. Tillögur sem borist hafa teknar til umræður og afgreiðslu:

Engar aðrar tillögur bárust sem skyldu teknar til umræðu eða afgreiðslu, og því engin umræða um þennan lið.

6. Ákveðið árgjald og önnur gjöld fyrir næsta starfsár:

Af hálfu stjórnar var lagt til að árgjöld 2020 yrðu hin sömu og þau voru 2019, og að greiðslufyrirkomulag yrði einnig hið sama. Einnig var lagt til að ákvörðun um önnur gjöld væri vísað til stjórnar til afgreiðslu.

Var tillaga stjórnar samþykkt.

7. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn, sbr. 10. gr. laga félagsins:

Fundarstjóri tilkynnti að Bryndís Scheving, formaður, byði sig fram til endurkjörs. Ekki bárust frekari framboð til formanns. Fundarstjóri bar upp tillögu um að Bryndís yrði endurkjörin, og var sú tillaga samþykkt samhljóða:

- Formaður var kjörinn Bryndís Scheving.



- Kjörtímabil tveggja stjórnarmanna sem kjörnir voru til tveggja ára á aðalfundi 2016 rann út á fundinum, þ.e. þeirra Böðvars Schram og Hafsteins Daníelssonar. Hvorugur þeirra bauð sig fram til endurkjörs.

- Lagt var til að Gísli B. Ívarsson og Hafþór B. Guðmundsson yrðu kosnir stjórnarmenn til tveggja ára, og var sú tillaga samþykkt samhljóða.

- Varamenn til eins árs voru kjörnir þeir Helgi Einarsson og Ragnar Þórisson.

8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara:

Stungið upp á Jóni Þ. Hilmarssyni og Guðmundi R. Valtýssyni.

Samþykkt samhljóða.

9. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta starfsárs til samþykktar:

Gjaldkeri lagði fram fjárhagsáætlun ársins 2020 til kynningar, þar sem tekið var mið af reynslu nýliðins starfsárs. Fundarmenn töldu rétt að fara varlega við gerð fjárhagsáætlana, eins og hér væri gert og miða við þann grunn sem félagið hefur á að byggja.

Fjárhagsáætlun ársins 2020 var samþykkt samhljóða.

10. Önnur mál:

a) Fundarmenn voru sammála um að á næstunni þurfi að huga að stefnumótun í málefnum klúbbsins, m.a. hvað varðar frekari endurnýjun véla, sem þyrfti stöðugt að huga að, sem og frekari þróun starfseminnar almennt. Samhliða slíkri stefnumótun þarf að leita fleiri leiða til fjáröflunar til að tryggja rekstrargrundvöll starfseminnar frekar.

b) Hugmyndir um breytingar á vellinum voru ræddar frekar. Var stjórn hvött til að vinna áfram að stefnumótun um völlinn, m.a. á grundvelli hugmynda sem ræddar voru á síðasta aðalfundi og sem vallarnefnd fjallaði um í skýrslu sinni. Rætt var sérstaklega um hugmyndir um þróun 1. brautar, s.s. að slá brekkuna milli 1. og 9. brauta niður og nota sem nýja 1. braut á meðan núverandi braut yrði endurnýjuð; jafnframt þyrfti að byggja nýjan fremri teig fyrir þá braut, í framhaldi af núverandi gulum teig 1. brautar.

c) Rædd var nauðsyn þess að farið væri vel yfir vélakost klúbbsins nú í vetur, og unnið að því viðhaldi og viðgerðum sem kostur væri. Var gjaldkera klúbbsins falið að semja við Eyjólf Óla Jónsson, félagsmann og staðarhaldara í Miðdal, um það verkefni.

d) Bent var á að efla þyrfti upplýsingagjöf til félagsmanna í gegnum heimasíðu klúbbsins, en fréttir af starfseminni og aðrar upplýsingar birtust nú frekar seint og óskipulega á síðunni. Var því vísað til stjórnar að vinna að endurnýjun heimasíðunnar til að hún gæti sem best þjónað því hlutverki að vera helsta upplýsingaveita félagsmanna um starfsemi klúbbsins.

e) Endurkjörinn formaður, Bryndís Scheving, þakkaði fundarmönnum traustið og vonaðist eftir góðum samskiptum við félagsmenn í leik og starfi. Þá þakkaði hún sérstaklega fráfarandi stjórnarmönnum, þeim Böðvari Schram og Hafsteini Daníelssyni, fyrir þeirra framlag til starfsemi klúbbsins og fyrir gott samstarf; Hafsteinn stigi nú til hliðar eftir að hafa setið í stjórn klúbbsins í um tvo áratugi, og væri gott að vita að klúbburinn ætti svo tryggja félagi til að leita til. Það væri sameiginlegt áhugamál okkar allra að golfvöllur klúbbsins í Miðdal væri sem bestur vettvangur fyrir okkur öll og þá sem vildu njóta hans með okkur, og það væri eðlilega helsta verkefni stjórnar hverju sinni að sjá til þess að svo gæti verið.

Fleiri tóku ekki til máls.

Fundi var slitið kl. 21:00.